



HEILSUVERND

Vífilsstaðir



VELKOMIN Á HEILSUVERND VÍFILSSTAÐI

Hagnýtar upplýsingar fyrir skjólstæðinga og aðstandendur

VÍFILSSTAÐIR

SAGAN

Í þessari handbók er að finna upplýsingar fyrir skjólstæðinga sem dvelja á Heilsuvernd Vífilsstöðum og aðstandendur þeirra um ýmislegt sem viðkemur dvölinni á Vífilsstöðum.

Vífilsstaðir eru virðulegt og sögulegt hús sem margir Íslendingar hafa tengingu við. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt var fenginn til að teikna Vífilsstaði sem berklaspítala og var hornsteinn Vífilsstaða lagður þann 31. maí árið 1909, en formleg starfsemi hófst í september 1910. Rögnvaldur smitaðist sjálfur af berklum og lést á Vífilsstöðum árið 1917 aðeins 42 ára gamall.

Í gegnum árin hefur verið mismunandi starfsemi í húsinu en alltaf tengd heilbrigðisstarfsemi. Heilsuvernd ehf. tók við rekstri Vífilsstaða af Landspítala í janúar 2023 og rekur líknar- og bráðaþjónustu fyrir aldraða sem bíða eftir varanlegri búsetu á hjúkrunarheimili.



EFNISYFIRLIT

- 3** *Hagnýtar upplýsingar*
- 4** *Velkomin á Heilsuvernd Vífilsstaði*
- 5** *Aðstandendur & skjólstæðingar*
 - 5** *Heimsóknartími & leyfi*
 - 5** *Greiðslur*
 - 5** *Þagnarskylda*
- 6** *Við flutning á Heilsuvernd Vífilsstaði*
 - 6** *Hvað á ég að hafa með mér*
 - 6** *Ábyrgð á verðmætum*
 - 6** *Fatnaður & þvottur*
 - 7** *Matur & matmálstímar*
 - 7** *Hárgreiðsla & fótsnyrtинг*
- 8** *Heilbrigðispjónusta fyrir skjólstæðinga*
 - 8** *Hjúkrunarþjónusta*
 - 8** *Læknispjónusta*
 - 8** *Sjúkrabjálfun*
 - 8** *Félagsstarf*
 - 9** *Bjöllukerfi*
 - 9** *Fjölmenningarvinnustaður*

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

HEILSUVERND VÍFILSSTAÐIR

Vífilsstaðavegi 110
210 Garðabær

Sími: 590-3800

vifilsstadir@vifilsstadir.is
Vefsíða, vifilsstadir.is

Vaktstjóri

Sími: 612-4994 / 617-0508



FORSTÖÐUMAÐUR

Aníta Magnúsdóttir
anitam@vifilsstadir.is

DEILDARSTJÓRI

Steinunn Ósk Geirsóttir
steinunn@vifilsstadir.is

Fyrir nánari upplýsingar snúið ykkur til hjúkrunarfræðings.

ÁBENDINGAR

Við leggjum áherslu á faglega og framúrskarandi þjónustu.

Hægt er að senda á netfangið vifilsstadir@vifilsstadir.is ef þú vilt koma á framfæri ábendingu um það sem mætti gera betur, hrós eða annað sem þú vilt koma á framfæri.

VELKOMIN Á HEILSUVERND VÍFILSSTAÐI

Á Heilsuvernd Vífilsstöðum eru rekin 45 biðrými.

Biðrými eru fyrir einstaklinga sem hafa lokið læknisfræðilegri uppvinnslu á Landspítala og búið að taka ákvörðun um að viðkomandi hafi ekki heilsu til að fara aftur heim.

Allir skjólstæðingar sem dvelja á Heilsuvernd Vífilsstöðum eru komnir með samþykkt færni- og heilsumat og dvelja á Vífilsstöðum þar til þeir fá boð um varanlega búsetu á hjúkrunarheimili.

Dvalartími á Vífilsstöðum getur verið allt frá nokkrum dögum og upp í heilt ár en meðaldvalartími er um þrír mánuðir. Mislangur biðtími er vegna þess að biðlisti er mislangur inn á hjúkrunarheimili. Þess vegna mælum við alltaf með því að vera búin að kynna sér hjúkrunarheimilin vel og sækja um á a.m.k. þremur heimilum þar sem löng bið er ekki auðveld.

Heilsuvernd Vífilsstaðir eru ekki eiginlegt heimili með persónulegum munum og skipulagðri dagskrá eins og hjúkrunarheimili eru.

Gert er ráð fyrir því að skjólstæðingur þiggi pláss þegar boð kemur og oftast er skammur fyrirvari á flutningum.

Skjólstæðingar okkar fá þá umönnun, þjálfun og eftirlit sem þeir þurfa, á meðan þeir bíða. Hægt er að veita flestar meðferðir á Heilsuvernd Vífilsstöðum t.d. blóðgjöf, sýklalyfjagjafir o.fl.. Ef um bráð alvarleg veikindi er að ræða eða ef einstaklingur dettur og hlýtur beinbrot er viðkomandi sendur aftur á Landspítala.

Ef heilsufari hrakar svo mikið að ekki er útlit fyrir að viðkomandi nái sér aftur þá sinnum við einnig lífslokameðferð hér ef við á. Lífslokameðferð á við um síðustu daga eða vikur lífs. Markmið meðferðar er þá að draga úr einkennum og vanlíðan og viðhalda reisn. Við lífslok eru tryggð ákveðin gæði í hjúkrun og meðferð með þverfaglegri meðferðaráætlun fyrir deyjandi.



AÐSTANDENDUR & SKJÓLSTÆÐINGAR

HEIMSÓKNARTÍMI & LEYFI

Við viljum gjarnan mæta þörfum aðstandenda sem vilja heimsækja þá sem dvelja á Heilsuvernd Vífilsstöðum en höfum miðað við að heimsóknir séu ekki fyrir kl. 11:00 að morgni og ekki lengur en til kl. 20:00 á kvöldin nema í samráði við vaktstjóra.

Við vitum að aðstandendur eru mikilvægasti parturinn í lífi skjólstæðinga okkar og hvetjum þá til að koma eins mikið og þeir geta. Það styttir líka stundir að fá fólk ið sitt í heimsókn.

Ef heilsa og aöstæður leyfa eru ferðir út af Heilsuvernd Vífilsstöðum liður í auknum lífsgæðum, sem dæmi að skreppa í biltúr, heimsókn eða fjölskylduboð. Ekki þarf sérstakt leyfi til að fara með skjólstæðinga en við biðjum ykkur um að láta vaktstjóra vita.

Ef þörf er á sérstökum undirbúnungi áður en skjólstæðingur er sóttur t.d. ef hafa þarf lyf meðferðis eða annað, er gott að láta vita með smá fyrirvara. Einnig er gott að gefa upplýsingar um áætlaða heimkomu.

GREIÐSLUR

Heilsuvernd Vífilsstaðir eru reknir á samningum við Sjúkratryggingar Íslands. Skjólstæðingar greiða ekki fyrir dvölinu hér, mat, lyf eða annað. Þetta breytist þegar viðkomandi flytur á hjúkrunarheimili.

Bendum á Tryggingastofnun til þess að fá nánari upplýsingar varðandi greiðslur til hjúkrunarheimila.

Athugið að leigubílar eða hjólastólabílar í einkaerindum eða við flutning frá Heilsuvernd Vífilsstöðum eru ekki greiddir af Heilsuvernd.

ÞAGNARSKYLDA

Það sem þú kannt að sjá eða heyra um aðra skjólstæðinga sem dvelja á Heilsuvernd Vífilsstöðum heldur þú fyrir sjálfan þig.

Ekki er leyfilegt að ræða slík mál utan Heilsuvernd Vífilsstaði, taka ljósmyndir eða upptökur af einstaklingum án leyfis þeirra. Slíkt varðar við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Brot á ofangreindum lögum geta verið kærð til lögreglu.



VIÐ FLUTNING Á HEILSUVERND VÍFILSSTAÐI

HVAÐ Á ÉG AÐ HAFA MEÐ MÉR

Á Heilsuvernd Vífilsstöðum eru einbýli, tvibýli og þríbýli. Þegar nýir skjólstæðingar koma byrja þeir oft á því að vera í tví- eða þríbýli en færast oftast í einbýli eftir einhvern tíma. Í undantekningar tilvikum getum við þurft að færa einstakling á milli herbergja eða milli hæða. Herbergin á Heilsuvernd Vífilsstöðum eru misstór.

EKKI ER ÆTLAST TIL AÐ SKJÓLSTÆÐINGAR KOMI MEÐ T.D. HÚSGÖGN OG STÆRRI HLUTI AÐ HEIMAN EN SJÁLFSAGT ER AÐ KOMA MEÐ T.D. LJÓSMYNDIR OG MINNI HLUTI TIL AÐ GERA RÝMIÐ PERSÓNULEGRA. MARGIR KJÓSA AÐ KOMA MEÐ ÚTVARP, SPJALDTÖLVU EÐA BÆKUR. ÖLL EINBÝLI ERU MEÐ SJÓNVARPI.

Þú þarf einnig að koma með þín fót og eigin snyrtivörur s.s. tannkrem, tannbursta, hárgreiðu, rakvél, ilmvatn o.fl. Það er á ábyrgð aðstandenda að passa að rafhlöður fyrir heyrnatæki séu til staðar. Gott er að merkja persónulega muni með upphafsstöfum.

ÁBYRGÐ Á VERÐMÆTUM

Heilsuvernd Vífilsstaðir bera ekki ábyrgð á peningum og eigum skjólstæðinga s.s. skartgripum, heyrnatækjum, gleraugum og tanngómum ásamt öðrum persónulegum munum sem kunna að tapast eða skemmast.

Við viljum benda á að óæskilegt er að geyma mikla fjármuni inni á herbergjum eða verðmæta muni.

FATNAÐUR & ÞVOTTUR

Þeir sem dvelja á Heilsuvernd Vífilstöðum fá aðstoð við að klæða sig að morgni og eru allir hér í eigin fötum. Það er partur af sjálfsmyndinni að klæðast eigin fötum en ekki vera í sjúkrahúsfötum og upplifa sig sem sjúkling. Mikilvægt er að til sé nóg af fötum til skiptanna.

Ekki er þvegið af fólk hér, aðstandendur sjá um að þvo þvott en sé þess óskað aðstoðum við þá sem kjósa að senda þvott í þvottahús sem viðkomandi greiðir sjálfur fyrir.

Góð regla er að merkja fót með upphafsstöfum viðkomandi.



MATUR & MATMÁLSTÍMAR

Ekkert framleiðslueldhús er í húsinu en við erum í samstarfi við Landspítala með bæði heitan hádegismat og kvöldmat. Maturinn er orku- og próteinríkur og hannaður með aldraða í huga.

Starfsfólk okkar á Heilsuvernd Vífilsstöðum útbúa morgunverð, kaffi og kvöldkaffi.

Ef um fæðuofnæmi eða óþol er að ræða er mikilvægt að ræða það við vakthafandi hjúkrunarfræðing sem fyrst.

Tímasetningar máltíða	
• Morgunmatur	kl. 09:00-10:30
• Hádegismatur	kl. 12:00-13:00
• Siðdegiskaffi	kl. 14:30-15:00
• Kvöldmatur	kl. 18:00-19:00
• Kvöldkaffi	kl. 20:00

HÁRGREIÐSLA & FÓTSNYRTING

Hægt er að panta klippingu og fótsnyrtingu á Heilsuvernd Vífilsstöðum fyrir þá sem það kjósa. Hægt er að skrá sig á lista á vaktinni og köllum við þá til verktaka þegar nokkur nöfn hafa safnast á listann. Einnig geta aðstandendur sjálfir haft samband við verktaka og pantað klippingu/fótsnyrtingu.

- Hárgreiðsla/klipping:** Guðrún, sími 869-3010
- Fótaaðgerðarfræðingur:** Karólína Hrönn, sími 692-2501

Greiða þarf með reiðufé eða millifærslu.



HEILBRIGÐISPJÓNUSTA FYRIR SKJÓLSTÆÐINGA

HJÚKRUNARPJÓNUSTA

Hjúkrunarfræðingar eru á vakt allan sólarhringinn. Í einstaka tilfellum er ekki hjúkrunarfræðingur í húsi að næturlagi en þá er alltaf hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

Aðstandendur geta ávallt snúið sér til vaktahafandi hjúkrunarfræðinga á hverri vakt hafi þeir spurningar um sitt folk og einnig leggja hjúkrunarfræðingar áherslu á að hafa símasamband við þann sem skráður er nánasti aðstandandi ef breytingar verða á heilsu og líðan ástvinar. Sá sem er skráður nánasti aðstandandi ber ábyrgð á því að bera upplýsingarnar áfram til annarra aðstandanda þegar við á.

Hjúkrunarfræðingar setja fram hjúkrunaráætlun sem tryggir að hjúkrunarþörfum skjólstæðinga sé fullnægt.

LÆKNISPJÓNUSTA

Læknispjónusta fyrir þá sem hér dvelja er tvívar í viku en þess utan er alltaf læknir á bakvakt.

Í starfsemi okkar er ekki gert ráð fyrir fjölskyldufundum með lækni þar sem búið er að ljúka læknisfræðilegri uppvinnslu við komu á Heilsuvernd Vífilsstaði en sé þess óskað reynum við að mæta þeim óskum.

Athugið að Heilsuvernd Vífilsstaðir greiða ekki fyrir bókaða tíma hjá sérfræðingum utan Vífilsstaða s.s. augnlæknum, tannlæknum, hjartalæknum o.fl. nema að tilvísun til þeirra sérfræðinga komi frá læknum Heilsuverndar. Það er á ábyrgð aðstandenda að gera ráðstafanir varðandi flutning viðkomandi í þessa tíma, nema að tilvísun sé frá Heilsuvernd.

SJÚKRAPJÁLFUN

Sjúkrapjálfun er staðsett á 1. hæð og er sjúkrapjálfari í húsi þrisvar í viku .

Læknir gerir beiðni um sjúkrapjálfun ef um einstaklingspjálfun er að ræða en allir geta tekið þátt í hóppjálfun s.s. stólaleikfimi o.fl.

Markmið með sjúkrapjálfun er að viðhalda líkamlegri færni og getu. Sjúkrapjálfarar meta þörf fyrir hjálpartæki og útvega þau tæki sem þörf er fyrir.

Athugið að sjúkrapjálfun hentar ekki öllum og tekið er mið af getu og áhuga hvers og eins við skipulagningu þjálfunar.

FÉLAGSSTARF

Við bjóðum ekki uppá iðjuþjálfun eða fasta tómstundaiðju en erum með starfsmann sem sinnir félagsstarfi nokkrum sinnum í viku og bíður upp á t.d. upplestur, spil, söng o.fl. Einnig kemur prestur í hverjum mánuði og er með samveru og söngstund.

BJÖLLUKERFI

Allir skjólstæðingar fá að láni öryggishnapp sem þeir geta haft við höndina til að hringja eftir aðstoð hvenær sem er sólarhringsins. Öryggishnapparnir eru tengdir við vinnusíma starfsfólks og því eðlilegt að þið sjáið starfsfólk mikið með síma á lofti. Mikilvægt er að muna að skilja öryggishnapp og hleðslutæki eftir þegar viðkomandi flytur á hjúkrunarheimili.

GÆLUDÝR

Leyfilegt er að koma með gæludýr í heimsókn á Vífilsstaði. Taka þarf tillit til annarra skjólstæðinga og ekki er ætlast til þess að dýr séu í eldhúsi og borðsstofu

FJÖLMENNINGARVINNUSTAÐUR

Heilsuvernd Vífilsstaðir er fjölmengingarvinnustaður og hér starfar fólk af ýmsum þjóðernum.

Margir hafa búið á Íslandi lengi og tala góða íslensku en aðrir eru enn að læra og tjá sig því meira á ensku. Þrátt fyrir mögulega tungumálaörðugleika starfar allt starfsfólk með það að leiðarljósi að veita góða umönnun, sýna virðingu og nærgætni í samskiptum. Við biðjum ykkur því að sýna okkur og þeim skilning. Ef þið treystið ykkur ekki til eða skiljið ekki viðkomandi starfsmann, er alltaf hægt að sækja annan starfsmann eða leita til vaktstjóra.





HEILSUVERND
Vífilsstaðir

Vífilsstaðavegi 110, 210 Garðabær
vifilsstadir@vifilsstadir.is
vifilsstadir.is